

Skipulagsstjóri
Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði



Reykjavík 1 júní 2017
UST201704-123/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar 2012 -2030

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 12. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar 2012 – 2030. Breytingartillagan nær til fjölda jarða þar sem áætluð er aukning á ferðaþjónusta, þ.e. landbúnaðarsvæði er breytt í þjónustu- og verslunarsvæði. Einnig nær tillagan yfir áætlun um tengivirki og vatnsaflsvirkjun.

Í lýsingu kemur fram að í sveitarfélaginu eru í dag alls gisting fyrir 950 ferðamenn, auk 29 herbergi í íbúðum og tjaldstæði á 8 jörðum. Þegar þær breytingar er fram koma í ofangreindri lýsingu eru teknar saman virðist áætlun um að tvöfalda gistingu í sveitarfélaginu og rúmlega það.

Breytingar á aðalskipulagi, ferðaþjónusta

Í ofangreindri lýsingu kemur fram að áætlað er breyta landnotkun á fjölda jarða eða um 16 alls, og eru það spildur frá 1 ha upp í 10 ha þar sem breyta á landnotkun úr lanbúnaði í svæði fyrir verslun og þjónustu.

Umhverfisstofnun tekur undir þá stefnu um þessa miklu uppbyggingu á ferðaþjónustu sem fram kemur á bls. 8 í lýsingunni og telur mikilvægt að að stefnan verði höfð að leiðarljósi við ofangreindar áætlanir um uppbyggingu.

Smáhýsi

Í lýsingu kemur fram að á sumum af þeim jörðum sem framkvæmdir eru áætlaðar á, stendur til að reisa smáhýsi. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að huga að staðsetningu þeirra, að smáhýsin séu ekki áætluð í röðum eins og við þéttbýlisgötu, mikilvægara er að staðsetning þeirra sé áætluð útfrá umhverfinu/landslaginu. Einnig bendir stofnunin á að svæði með smáhýsum eru meira aðlaðandi ef hugað er að gróðursetningu umhverfis smáhýsasvæðið., en gróður hefur þau áhrif að áhrif á ásýnd verða ekki eins mikil, ef vel tekst til.

Skipulagssvæðin

Í lýsingu kemur fram að þau svæði þar sem auka á ferðapjónustu, eru dreifð um sveitarfélagið. Sum svæðin eru í nágrenni náttúruminja og þá er mikilvægt að ekki verði röskun á mikilvægum náttúruminum. Einnig bendir stofnunin á að skv. skipulagsreglugerð 90/2013 skal ekki áætla framkvæmdir nærri ám, sjó og vötnum en 50 m.

Umhverfisstofnun minnir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Aðrar breytingar

Vatnsaflsvirkjun í Birnudal

Í lýsingu er gerð tillaga um að breyta landbúnaðarlandi í Birnudal í iðnaðarsvæði og reisa á iðnaðarsvæðinu vatnsaflsvirkjun allt að 2 MW. Eins og fram kemur í ofangreindri lýsingu er áætluð framkvæmd tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að lög um náttúruvernd verði höfð til hliðsjónar við alla áætlanagerð. Einnig minnir stofnunin á mikilvægi þess að áætluð framkvæmd hafi ekki neikvæð áhrif á verndargildi svæði nr. 632 á náttúruminjaskrá, en verndargildi svæðisins felst í jarðminjum og stórbrotnu landslagi. Í skránni segir um svæðið: 632. *Skálafellsjökull og fjalllendi í Suðursveit, Borgarhafnarhreppi, A-Skaftafellssýslu. (1) Mörk svæðisins eru frá Litlafelli í Hafrafell (1008 m hæðarpunktur), þaðan í Kistugil, um Bæjarhliðar og eftir Smyrlabjargará yfir Borgarhafnarheiði í Svínadal. Eftir Staðardal suður fyrir Hrafnagil og Kálfafellstind um Kálfafellsdal í Brókarjökul. (2) Stórbrotið landslag, jarðmyndanir svo sem jökulminjar og gabbróhnullungar. Í tindum og jökulskerjum vaxa fjallaplöntur í 1100-1300 m hæð.*


Tengivirki á jörðinni Hnappavellir


Í lýsingu kemur fram að tillaga er um að reisa tengivirki á jörðinni Hnappavellir í Örafum á vegum Landsnets. Iðnaðarlóð af stærðinni 1 ha verður skilgreind austan til í landi Hnappavalla fyrir neðan þjóðveg 1, nokkur hundruð metra fyrir austan Hólá. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að lög um náttúruvernd verði höfð til hliðsjónar við alla áætlanagerð. Einnig bendir stofnunin á að mikilvægi þess að framkvæmdir falli vel að umhverfinu, einnig bendir stofnunin á að huga þarf að hönnun tengivirkja, í stað hefðbundinni stálvirkja og steypukassa.

Umhverfisstofnun undirstrikar mikilvægi þess að verndargildi náttúruminja rýrni ekki við áætlaða uppbyggingu.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur